

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson borgardómari og meðdómsmennirnir Kristján Ingólfsson og Ólafur Höskuldsson tannlæknar.

D ó m s o r ð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs, greiði stefnanda, Áslaugu Óskarsdóttur, kr. 34.975,00 með 37% ársvöxtum af kr. 4.975,00 frá 10. nóvember 1981 til 31. október 1982, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 20. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 26. nóvember 1984, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979, af kr. 34.975,00 frá þeim degi til greiðsludags. Tildæmdir dómvextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá 26. nóvember 1984 að telja.

Viðurkenndur er réttur stefnanda til bóta úr hendi stefnda vegna nauðsynlegrar endursmiði tanngervis síðar.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs, greiði stefnanda, Áslaugu Óskarsdóttur, kr. 22.000,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 90/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Ólafi Sigurgeiri Hólmi Guðbjartssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Skírlífisbrot. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 2. mars 1987 og hefur ákærvald einnig áfrýjað málinu til þyngingar.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi og hefur héraðsdómari réttilega sakfelld ákærða fyrir atferli það er honum er gefið að sök í ákæru og er það rétt fært til refsíákvæða. Refsing ákærða telst hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði, en rétt er að fullnustu þriggja mánaða verði frestað í tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og í dómsorði segir. Málsvarnarlaun eru dæmd án söluskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Sigurgeir Hólm Guðbjartsson, sæti fangelsi í 5 mánuði. Fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og falli sá hluti hennar niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttar-lögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. janúar 1987.

Ár 1987, mánudaginn 12. janúar, var á dómþingi Sakadóms, sem háð var af Ármanni Kristinssyni sakadómarara að Borgartúni 7 í Reykjavík, kveðinn upp dómur í máli nr. 22/1987: Ákærvaldið gegn Ólafi Sigurgeir Hólm Guðbjartssyni, sem tekið var til dóms hinn 9. þessa mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara dagsettri 21. febrúar 1984, gegn ákærðum „Ólafi Sigurgeiri Hólm Guðbjartssyni bifreiðarstjóra, Króki á Kjalarnesi, fæddum 24. desember 1952 í Reykjavík, fyrir að hafa föstudaginn 15. apríl 1983, haft samræði utan hjónabands við stúlkuna K, fædda 1963 sem ekki gat spornað við samræðinu vegna greindarskorts og vanþroska, í bifreið ákærða, G-1855 niður við fjöru á Laugarnestanga í Reykjavík.

Telst þetta varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærður ekki sætt refsingu.

Málsatvik eru svofelld:

Föstudaginn 15. apríl 1983 um kl. 19:00 var K..., Reykjavík, á gangi á Laugavegi nálægt húsi nr. 17. Þar þá að ákærða Ólaf í bifreið sinni og bauð hann K að setjast inn í bifreiðina hjá sér, og þáði hún það. Ber aðilum ekki saman, K ber að Ólafur hafi stöðvað bifreiðina og kallað til sín að koma inn í bilinn, viðurkennir hins vegar að hún hafi veifað til hans í kveðjuskyni. Ólafur ber hins vegar að K hafi gefið sér bendingu um að stansa. Ljóst er að K fór inn í bilinn án líkamlegs mótþróa, enda kveðst hún hafa þekkt Ólaf og ekkert vera hrædd við hann. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 17. apríl 1983 skýrir K frá því að hún hafi nokkrum sinnum farið í bíltúra með Ólafi og þau hafi haft samfarir að frumkvæði Ólafs einu sinni áður úti í Laugarnesi og tvisvar úti á Seltjarnarnesi, alltaf inni í bílnum. Ólafur viðurkennir að hafa tekið K með sér í bíltúr um bæinn, tvisvar eina og einu sinni með annarri stúlku. Hann neitar því að hafa haft samfarir við K fyrr en föstudaginn 15. apríl.

Eftir að hafa hleypt K inn í bíl sinn á Laugaveginum ók Ólafur inn á Sogaveg þar sem hann tók vinnufélaga sinn úr Steypustöðinni upp í bilinn. Var síðan ekið að verkstæði við Súðarvog. Þar hafði þessi vinnufélagi ákærðs fullkomnar samfarir við K, að óvilja hennar að því er hún taldi. Sérstakt sakamál hefur verið höfðað gegn honum vegna tilviks þessa.

Ólafur ók síðan K á brott af verkstæðinu á bílaþvottastæði í Álfheimum. Urðu þar orðaskipti um að þau K hefðu samfarir, ber frásögnum ekki saman, kenna bæði hvort öðru um að hafa hafið máls á þessu. Óku þau síðan inn í Laugarnes og höfðu þar samfarir í framsæti bílsins.

Nánar skýrði K þannig frá við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu:

„Síðan hafi Óli keyrt niður í Laugarnes og þar að steinunum alveg niður við sjó. Þar hafi Óli viljað fara að gera það en það hafi mætta ekki viljað. Óli hafi haldið áfram að tala um að hann vilji fara að gera það og beðið hana um það en hún hafi ekki viljað það. Hann hafi alltaf haldið áfram að biðja hana um að gera það á endanum hafi hann gert það í framsætinu á Land-Rovernum. Mætta hafi ekki viljað að hann væri að gera það en hann hafi alltaf haldið áfram að segja að hann vilji gera það. Hann hafi svo klætt hana úr buxunum og gert það.“

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu skýrði Ólafur m.a. þannig frá þessu sama tilviki:

„Svo fór ég eitthvað að eiga við hana þarna í bílnum, með hennar vilja sko. Ég fór eitthvað að strjúka og svoléidis. Við töluðum ekkert, ekki neitt.“

Svo var ég eitthvað smástund þarna og var eitthvað að strjúka hana. Hún klæddi sig úr, en ég bað hana ekki um að klæða sig úr. Það er ekki rétt að ég hafi klætt hana úr buxunum. Ég gerði eitthvað við hana þarna með hennar vilja, það er satt. Hún sagði ekkert meðan á þessu stóð.

Mætti er spurður hvort það sé ekki rétt að hann hafi þarna í Laugarnesinu margsinnis spurt K, hvort hann mætti ekki gera það. — Jú ég sagði það við hana, má ég gera það, jæja má ég gera það. Hún sagði: Já Óli það er allt í lagi. En ég hætti bara við það og fékk ekki sádlát.“

Fyrir dómi staðhæfði Ólafur, að K hefði átt allt frumkvæði að því að til samfara þeirra kom.

Þessu næst óku þau vestur á Granda og áttu enn samræður um kynmök en ekkert varð úr því. Ólafur ók síðan K til baka á Grettisgötu.

K er trúlofuð pilti sem nefnist I og er talinn treggáfaður. Fór K heim til hans og gisti hjá honum og höfðu þau samfarir þá um kvöldið.

K kvað Ólaf hafa sagt við sig að hún mætti ekki segja mömmu sinni eða I hvað þau hefðu verið að gera. Þessu hefur Ólafur neitað.

K er 21 árs stúlka, talin þroskaheft frá fæðingu. Ekki er vitað um fæðingarferðleika né hvort ættingjar eru vangefnir. Stúlkann fluttist til Svíþjóðar með foreldrum sínum um 6 ára aldur. Gekk þar í skóla fyrir þroskaheft börn. Foreldrar skildu og K kom heim með móður sinni 18 ára gömul. Hefir síðan gengið í Öskjuhlíðarskólann, sem er sérskóli fyrir vangefna. Hún er af skólstjóra og sálfræðingi skólans talin greindarskert og standa fremur illa að vígi ef miðað er við nemendahóp skólans, en sé að mörgu leyti eðlileg hvað varðar útlit og hegðun.

Móðir K, V, skýrir svo frá að K hafi skýrt sér frá ofangreindum atburðum daginn eftir. Móðirin telur K líkjast vitsmunalega 7 ára gömlu barni. Hún er hrædd við fullorðið fólk sem hún þekkir ekki, verður stíf og þögul í návist þess og gerir það sem henni er sagt ef við hana er talað í ákveðnum, skipandi tón. Segir móðirin að við slík tækifæri reyni K ekki að koma sér burtu né kalla á hjálp.

Guðmundur Gígja rannsóknarlögreglumaður ber að í viðtali hafi hann orðið að tala við K eins og barn og nota einföld hugtök. Ekki var hægt að lesa henni skýrslu á venjulegan hátt heldur varð að segja innihald hennar á einföldu máli.

Með bréfi dagsettu 10. ágúst 1983 til rannsóknarlögreglu ríkisins krafðist ríkissaksóknari þess, „að aflað verði læknisvottorðs eða vottorðs sálfræðings um andlegt ástand stúlkunnar K, sem fjalli m.a. um það hvort hinn andlegi vanþroski hennar geti dulist ókunnugum.“

Í bréfi þeirra Högna Óskarssonar geðlæknis og Baldvins H. Steindórs-sonar sálfræðings til rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsettu 9. febrúar 1984, en þeir önnuðust könnun á andlegu ástandi stúlkunnar, segir meðal annars:

„Hér er um nokkuð óvanalega beiðni að ræða, þar eð beðið er um mat á því hvernig K gæti komið þriðja aðila fyrir sjón og ennfremur hvort ætla mætti að þriðji aðili gæti merkt andlegan vanþroska hennar. Er því ekki beðið hér um eiginlega gedrannsókn, og byggir vottorðið því ekki á þeim rannsóknaraðferðum sem beitt er við almennar gedrannsóknir.

Vegna þessa ber að taka niðurstöðum með þeim fyrirvara að þær eru að hluta til byggðar á hlutlægu mati þeirra tveggja sem stóðu að rannsókn þessari. Ekki er vitað til þess að lög hér á landi fjalli um atvik sem þessi þó svo að slík lög séu til í næstu nágrannalöndum okkar og gerir þetta rannsókninni (sic) og túlkun niðurstaðna öllu erfiðari.“

Í skýrslu sinni telur Högni Óskarsson gedlæknir K hafa litla hæfileika til sjálfstæðra hugsana, hugsnaferill sé bundinn í fastmótað form og geta hennar að ráða við nýjar eða flóknar aðstæður sé lítil. Telur læknirinn að þetta leiði til þess að hún sé mjög háð þeim sem með henni er hverju sinni og hún eigi erfitt með að standast beiðni eða skipun. Vitnað beint í ummæli læknisins kemst hann svo að orði:

„Vanþroski hennar kemur fram fljótlega í samræðum við hana,“ og síðar í skýrslunni: „Lítill vafi er á því, að þessir eiginleikar eða öllu heldur skortur á andlegu atgervi K ættu ekki að fara fram hjá neinum, sem ræðir við hana eins og aðra einstaklinga á hennar aldri.“

Í viðtali við gedlækninn kom fram að K hefur reynslu í kynlífsmálum og veit þeirra sæmilega skil. Sagði hún lækninum að nokkuð oft væri leitað á sig kynferðislega, en kvaðst yfirleitt ýta þannig málaleitunum frá sér og vilja vera trú I kærasta sinum.

Þá liggur fyrir rannsókn sálfræðings, Baldvins H. Steindórssonar. Gerði sálfræðingurinn greindarpróf (Wechsler) fyrir fullorðna. Niðurstöður prófsins sýna heildargreind vera á mörkum þroskaheftra (Grv. 55-70) og mjög þroskaheftra (Grv. 45-55).

Telur sálfræðingurinn að möguleikar einstaklinga í þessum hópi, til að bregðast við fjölbreytni í umhverfinu mjög skerta. Þó kom K einna best út úr þeim þætti prófsins, er mæla skilning á félagslegum aðstæðum, enda hefur hún aðlagast í starfi. Sálfræðingurinn telur K þroskahefta stúlku sem ber það þó ekki með sér í útliti sínu, hennar besta er viss einfaldur skilningur á félagslegum aðstæðum, en greind hennar er svo skert að sálfræðingurinn telur að hún muni eiga erfitt með að bregðast sjálfstætt við flóknum aðstæðum eða aðstæðum sem fylgir mikið álag. Þá telur sálfræðingurinn „að enginn, sem talist getur hafa eðlilega greind og vera ábyrgur gerða sinna, geti verið samvistum við þessa stúlku einhvern tíma, án þess að gera sér grein fyrir verulegum greindarfarslegum takmörkunum hennar“.

Telja má víst að Ólafi hafi verið kunnugt um greindarskort K. Hann hafði farið með hana í ökuferðir a.m.k. í þrjú skipti og hálfum ördum

mánuði fyrir kærúatburðinn hafði móðir hennar stuggað við honum frá afskiptum af K. Ekki er þó sannað að hún hafi sagt honum að K væri vangefin. Í yfirheyrslu hinn 4. maí 1983 kemst Ólafur svo að orði: „Hún er mjög misjöfn. Hún lítur ekki út fyrir að vera vangefin. Ég áttaði mig ekki á ástandi hennar til að byrja með.“ Áður hafði hann talið, að K væri „líklega eitthvað takmörkuð og tæplega læs“.

Fyrir dómi staðhæfði Ólafur að hann hafi ekki gert sér ljóst að K væri vangefin.

Með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan um andlega heilbrigði K verður talið að þannig hafi verið ástatt um hana greint sinn að hún hafi ekki eins og á stóð getað spornað við samförunum við Ólaf í skilningi 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og verður jafnframt litið svo á, að Ólafur hafi ekki getað velkst í vafa um að svo hafi verið.

Refsing ákærðs Ólafs telst hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuðir, en með hliðsjón af því að hann hefur ekki áður hlotið refsingu þykir mega ákveða að fullnustu refsingar skuli fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Dæma ber ákærðan til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnaralaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, skipaðs verjanda síns, krónur 12.000.

Með dómi Hæstaréttar, sem upp var kveðinn hinn 6. febrúar 1986, var héraðsdómur í máli þessu frá 13. desember 1984 ómerktur að kröfu málsaðilja og því heimvísað samkvæmt 4. mgr. 9. gr. laga nr. 74, 1974, þar sem annar meðdómariinn, dr. med Karl Strand, fv. yfirlæknir, fullnægði ekki aldursskilyrðum ákvæðisins, „Aldur frá 25-70 ára.“ Krafa um óhæfi meðdómarans hafði ekki komið fram í héraði, sbr. 124. gr. sömu laga, enda hefur rík dómvenja skapast um það í opinberum málum, svo sem í flug- og landhelgismálum, að líta fram hjá aldurshámarki ákvæðisins og látið nægja að gæta skilyrða 1. tl. 9. gr. laganna: „Nægilegur andlegur þroski og andleg og líkamleg heilbrigði“. Brot dómsformanns í héraði var þó skýlaust og verður engri bót mælt.

Þá er dómur Hæstaréttar var kveðinn upp hafði það ákvæði laga nr. 27, 1985 öðlast gildi að einhlítt væri að kveðja til einn sérfróðan meðdómsmann í opinberum málum en dómara í héraði voru allir einhuga um úrlausn sakarefnis. Hæstiréttur taldi hins vegar að ekki hefði borið „nauðsyn til þess að kveðja til meðdómendur í máli þessu“.

Með vísan til ummæla þeirra Högna Óskarssonar geðlæknis og Baldvins H. Steindórssonar sálfræðings um geðrannsóknina og að öðru leyti með hliðsjón af því á hvern veg sakarefni er háttað, getur dómari þessa máls ekki fallist á að sérfróðra meðdómara hafi ekki verið þörf, en þar sem

hann hefur þegar notið fulltingis slíkra telur hann óþarft að skipa meðdóm-
endur í málinu að nýju.

D ó m s o r ð:

Ákærður, Ólafur Sigurgeir Hólm Guðbjartsson, sæti fangelsi 3 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 12.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 271/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Ásgeiri Þór Ásgeirssyni

Kærumál. Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru dags. 18. september sl. hefur ákærði Ásgeir Þór Ásgeirsson skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur í málinu dags. þann sama dag. Með úrskurðinum var kröfu ákærða um frávísun málsins hafnað. Ákærði krefst þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og málinu verði vísað frá sakadómi.

Kæra úrskurðarins er heimil skv. 3. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974. Með bréfi dags. 18. september 1987 hefur ríkissaksóknari leyft kæru úrskurðarins.